

Ársyfirlit Sögufélagsins Steina 2014–2015

Síðasti aðalfundur Sögufélagsins Steina var haldinn 27. febrúar, 2014 í Fólkvangi. Erindi kvöldsins flutti sr. Gunnþór Þ. Ingason, sérþjónustuprestur, um heilagan Kolum Killa. Þegar Örlygur Hrappsson reisti kirkjuna að Esjubergi, um 900, var hún helguð Guði og heilögum Kolum Killa. Þess má einnig geta að kirkjan á Innra-Hólmi í Hvalfjarðarsveit var í kaþólskri tíð, einnig helguð þeim ágæta dýrlingi.

Kjalarnesdagur var haldinn 28. júní og var þá messað að Esjubergi eins og venja hefur verið undanfarin ár. Um helgihald sá sr. Gunnar Kristjánsson sóknarprestur, Páll Helgason sá um undirleik og spilaði á harmoniku. Tæplega 30 manns voru viðstaddir athöfnina. Margrét Björk Magnúsdóttir, sem vinnur að meistaraaritgerð í fornleifafræði um fornleifar á Kjalarnesi, sagði frá verkefni sínu. Gengið var um svæðið og Margrét Björk fræddi okkur um helstu minjar í landi Esjubergs en þar er af nógu að taka. Þetta var einstaklega fróðleg og skemmtileg ganga og veður hið besta. Því er ánægjulegt að tilkynna að Margrét er kominn hingað og ætlar að fræða okkur meira um fornleifar á Kjalarnesi og skráningu þeirra.

Sl. haust hófst undirbúningur að byggingu útaltaris í Esjubergslandi. Það á að reisa til minningar um fyrrnefnda kirkju sem um getur í Landnámu og sagt er að Örlygur hafi reist um 900. Að byggingunni standa Sögufélagið Steini á Kjalarnesi og sr. Gunnþór Þ. Ingason, sérþjónustuprestur, í samstarfi við hverfisráð Kjalarness og grasrótarsamtökin Grænt Kjalarnes. Fyrsti formlegi fundurinn um málið var haldinn í byrjun desember sl. og þar mætti stjórn Sögufélagsins ásamt þeim sr. Gunnþóri Ingasyni sérþjónustupresti og Erni Kjærnested eiganda Esjubergslands. Þess skal getið að Örn er hlynntur þessu málefni og gaf okkur fúslega leyfi til að finna hentugan stað fyrir altarið. Af því hefur þó ekki orðið sökum risjótts tíðarfars í vetur. Fyrir liggur teikning að gerð altarisins eftir sr. Gunnþór Ingason. Sögufélagið hefur sent beiðni til Hverfaráðs þess efnis að leitað verði til borgarinnar með aðstoð landslagsarkitekts til nánari útfærslu altarisins. Næsta skref verður m.a. að útvega fjármagn til verksins.

